



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

26. okt. 2018 – Pistill nr. 42



Sveitarstjóri og Kolbrún Guðný Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í öryggis- og fræðsludeild Samgöngustofu við undirritun samningsins

Samningur um gerð umferðaröryggisáætlunar

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum 12. september s.l. að hefja vinnu við gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir sveitarfélagið. Hluti af undirbúningnum var að gera samstarfssamning við Samgöngustofu um verkefnið. Í samningnum kemur m.a. fram að Skútustaðahreppur skuldbindur sig til að vinna umferðaröryggisáætlun með faglegum stuðningi Samgöngustofu sem miðar að því að auka öryggi allra íbúa og annarra sem leið eiga um sveitarfélagið. Markmiðið er m.a. að auka vitund um umferðaröryggismál meðal forráðamanna sveitarfélagsins og almennings. Í því felst að greina stöðuna, finna slysaðæði, setja sér markmið og gera aðgerðaráætlun.



Mikley – Þekkingarsetur í Mývatnssveit, býður í opunarhátíð 1. nóvember

Fimmtudaginn 1. nóvember kl. 16.30 verður stór stund en þá verður formleg opnun á MIKLEY, þekkingarsetri Mývatnssveit sem staðsett er á Hlíðarvegi 6. Allir velkomnir. Undirbúningur þekkingasetursins á sér langan aðdraganda. Mikley mun hýsa ólíka aðila, t.d. námsmenn, sjálfstætt starfandi einyrkja og stofnanir. Nú þegar eru þar starfandi Mývatnsstofa, Vatnajökulspjóðgarður, námsver og starfsstöð Þekkingarnets Þingeyinga og

Geochemý. Mývatnsstofa er samstarfsverkefni ferðapjónustunnar á svæðinu, Geochemý eru sjálfstætt starfandi jarðfræðingar. Markmiðið með stofnun þekkingarseturins er margþætt, en setur sem þetta hafa margvísleg samfélagsleg áhrif þar sem þeim hefur verið komið á fót. Þá er m.a. horft til þess að bæta möguleika fólks með háskólamenntun til búsetu í sveitinni, viðhalda þeim störfum í þekkingarstarfsemi sem eru hér nú þegar, hvetja til þverfaglegar samvinnu, hvetja til náms og rannsóknarvinnu og laða hingað störf í þekkingarstarfsemi. Léttar veitingar og skemmtiatriði í boði. Hlökkum til að sjá ykkur!



Fulltrúar Skútustaðahrepps og Sör Fron á fundinum í gær. Frá vinstri: Friðrik Jakobsson sveitarstjórnarmaður, Þorsteinn sveitarstjóri og Arnheiður Almarsdóttir fulltrúi Reykjahlíðarskóla. Svein Sletten aðstoðarskólastjóri, Karl Olsen fulltrúi Norræna félagsins í Sör Fron og Ole Muriteigen oddviti.

Heimsókn frá vinabænum Sör-Fron

Í gær fengum við góða heimsókn frá vinabæ okkar í Noregi, Sör Fron. Sumarið 2016 tóku Skútustaðahreppur og Sör Fron í Noregi upp vinabæjarsamstarf. Í Sör Fron búa um 3.300 manns en bærinn er í miðjum Guðbrandsdal, mitt á milli Þrándheims og Osló. Helsta lifibrauð íbúanna er landbúnaður, skógarhögg, smáiðnaður, ferðapjónusta og fleira. Tilgangur heimsóknarinnar var að ræða og velta upp hugmyndum um samstarfsverkefni sveitarfélaga til næsta ára þar sem aðal áherslan verður m.a. á skóla- og menningarsamstarf.

Landeigendur unnu hitaveitumálið

Í gær féll dómur í Hæstarétti í máli landeigenda í Vogum gegn Veitustofnun Skútustaðahrepps sem

lengi hefur verið beðið eftir. Ágreiningur aðila laut annars vegar að því hvort uppsögn landeigenda jarðarinnar Voga í Skútustaðahreppi í júlí 1992 á samningi þeirra við Hitaveitu Reykjahlíðar frá júlí 1971 hafi verið heimil og hins vegar um eignarrétt að asbestpípu sem lá frá skiptistöð í landi Reykjahlíðar og að landi Voga. Í dómi Hæstaréttar kom fram að samningurinn frá 1971 hefði verið ótímabundinn, án uppsagnarákvæðis og falið í sér gagnkvæmar skyldur til viðvarandi greiðslna af hálfu hvors aðila hans um sig. Með vísan til þeirrar meginreglu kröfuréttar að ótímabundnir samningar um viðvarandi greiðslur væru uppsegjanlegir með hæfilegum fyrirvara, nema annað væri ákveðið í lögum, samningi eða leiddi af eðli samningsins, var talið að Veitustofnun Skútustaðahrepps hefði ekki tekist að færa sönnur á að samningurinn væri enn í gildi. Þá var ekki fallist á með Veitustofnuninni að landeigendur hefðu afsalað sér með samningi eða öðrum hætti eignarrétti að hinni umþrættu asbestpípu. Voru landeigendur því sýknaðir af kröfum Veitustofnunar. Veitustofnunin þarf að greiða tæpar 2 m.kr. í málskostnað.

Mývetningar þekkja þessa sögu eflaust miklu betur en ég og því þarf ekki að orðlengja það frekar hversu erfið þessi deilumál hafa reynst þessu góða samfélagi okkar undanfarna áratugi. En það er gott að endanlega niðurstaða liggur loksins fyrir og því þarf að vinna skynsamlega úr þeirri stöðu sem upp er komin. Þar liggur beinast við að setjast þarf niður að samningaborðinu og semja upp á nýtt við landeigendur í Vogum og Reykjahlíð með aðkomu Landsvirkjunar, með hagsmuni Mývetninga og þessa samfélags að leiðarljósi. Það er kominn tími til að klára þessi mál í anda gilda Skútustaðahrepps sem samþykkt voru í fyrra, sem eru jafnræði, jákvæðni, traust og virðing.

Nefnd til að stýra stefnumótun í ferðapjónustu

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fyrsta fundi sínum á þessu kjörtímabili að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags. Í ljósi þeirrar vinnu sem hófst á síðasta kjörtímabili við stefnumótun í ferðapjónustu var lagt til að skipuð

verði nefnd sem heldur sérstaklega utan um ferðapjónustuhlutann til að undirstrika mikilvægi þess málaflokks. Yrði sá kafli viðbót við núgildandi aðalskipulag og hluti af nýju aðalskipulagi með möguleika á frekari endurskoðun. Samþykkt var að fimm manns verði í nefndinni, þar af kæmu þrjár tilnefningar frá eftirfarandi nefndum: Atvinnumála- og framkvæmdanefnd tilnefndi Friðrik Jakobsson. Skipulagsnefnd tilnefndi Selmu Ásmundsdóttur. Umhverfisnefnd tilnefndi Ragnar Baldvinsson. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að tilnefna Ölmú Dröfn Benediktsdóttur frá H-lista og Ólöfu Hallgrímsdóttur frá N-lista í nefndina. Sveitarstjórn skipaði Ölmú Dröfn sem formann nefndarinnar. Nefndin skili af sér tillögu til skipulagsnefndar að stefnumótun í ferðapjónustu og breytingu á aðalskipulagi í lok apríl 2019. Þá var samþykkt erindisbréf fyrir nefndina.

Samræming á gjaldskrá vegna snjósmoksturs

Sveitarstjórn samþykkti í haust að samræma gjaldskrá vegna snjósmoksturs á heimreiðum í sveitarfélaginu. Drög að snjósmoksturssamningi við verktaka með hliðsjón af vélarstærð og búnaði var sendur til umsagnar verktaka og barst engin umsögn. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða snjósmoksturssamninginn og verður haft samband á ný við verktaka á næstunni.

Samþykkt að skoða og meta forsendur fyrir endurbyggingu sundlaugar í Reykjahlíð

Á fundi sveitarstjórnar var rætt og bókað um endurbyggingu sundlaugar í Reykjahlíð. Hægt er að sjá bókanir H og N lista í fundargerðinni á heimasíðu sveitarfélagsins. Samþykkt var að fela oddvita sveitarstjórnar, sveitarstjóra og oddvita N-lista að halda áfram að skoða og meta forsendur fyrir byggingu sundlaugar í Reykjahlíð. Að öðru leyti var málinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Lokað á hreppsskrifstofu fyrir hádegi næsta miðvikudag

Athygli er vakin á því að lokað verður á hreppsskrifstofunni næsta miðvikudag fyrir hádegi

vegna námsferðar starfsfólks. Skrifstofan opnar aftur kl. 13:00 og verður opið til kl. 15:00 að vanda.



Fróðleg fjármálaráðstefna

Fulltrúar Skútustaðahrepps tóku þátt í fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna fyrir skömmu. Sveitarstjóri ásamt Ölmú Dröfn Benediktsdóttur og Helga Héðinssyni sátu ráðstefnuna sem var ákaflega vel heppnuð. Þar voru fjölmörg fróðleg erindi um fjármál og rekstur sveitarfélaga.

Úthlutunarreglur um menningarstyrki

Á fundi sveitarstjórnar voru lagðar fram úthlutunarreglur um menningarstyrki Skútustaðahrepps frá velferðar- og menningarmálanefnd. Þær fóru í opinbert umsagnarferli. Þá leggur nefndin til við sveitarstjórn að hækka styrkuppæðir fyrir næsta ár. Sveitarstjórn samþykkti úthlutunarreglurnar samhljóða og vísaði tillögu um hækkingu styrkuppæðna til gerðar fjárhagsáætlunar. Reglurnar má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

Slægjufundur á laugardaginn

Slægjufundur 2018 verður haldinn í Skjólbrekku fyrsta vetrardag 27. október og hefst dagskráin kl. 14:30. Söngatriði leikskólabarna, atriði frá tónlistarskólanum, fjöldasöngur og slægjuræða. Ekki klikkar sameiginlegt kaffihlaðborð, þar sem allir leggja sitt af mörkum og Vilhjálmur vandræðaskáld kemur og kitlar hláturtaugarnar.

Kaffi, mjólk, te og djús á staðnum.
Fjölmennum og viðhöldum þessari góðu hefð.
Slægjuballið 2018 verður haldið um kvöldið frá kl.
22:00 til 02:00. Hljómsveitin Lúxus heldur uppi
stuðinu. Miðaverð 1.800 kr. Ekki posi á staðnum.

JAK bíður heim – Tónleikar í Skjólbrekku

Söngvarinn og Mývetningurinn Stefán Jakobsson hefur fyrir löngu getið sér gott orð í tónlistinni m.a. með DIMMU. Undanfarin misseri hefur hann unnið að sinni fyrstu sólóplötu og er loksins kominn tími til að opinbera afraksturinn en hann verður með útgáfutónleika í Skjólbrekku 24. nóvember kl. 20.30. Platan nefnist einfaldlega JAK sem er einnig listamannsnafn Stefáns.



Aðstaða bætt við Skútustaðagíga

Árið 2015 var aðstaða fyrir ferðamenn stórbætt við Hræðuhver, einn Skútustaðagíga í Mývatnssveit. Sú framkvæmd var á vegum Umhverfisstofnunar þar sem steipt var gönguleið upp á gervígígn og útsýnispalli komið fyrir. Öll uppbygging miðaðist við að geta boðið upp á áfangastað allt árið þar sem hægt yrði að moka snjó af stéttum og hálkverja með vinnuvélum.

Framkvæmdunum fylgdi talsvert rask á sínum tíma en á dögnum var farið í endurheimt gróðurs við mannvirkin. Útkoman er að mati landvarða, stórgóð og ásýnd svæðisins orðin mun betri, líkt og segir á fésbók Umhverfisstofnunar. Það má því segja að framkvæmdum við Hræðuhver sé nú lokið.

Unnið að gerð fjölmeningarstefnu

Á fundi sveitarstjórnar var lögð fram verkefnalýsing fyrir fjölmeningarstefnu sveitarfélagsins frá velferðar- og menningarmálanefnd.

Skútustaðahreppur er fjölmeningarsamfélag en um fjórðungur íbúa sveitarfélagsins eru af erlendu bergi brotnir. Því ber að fagna og taka vel á móti íbúum og gefa þeim kost á að vera þátttakendur og fá þjónustu og upplýsingar um samfélagið á einfaldan hátt. Til að ná því markmiði er lagt til að velferðar- og menningarmálanefnd, í samráði við aðrar nefndir sveitarfélagsins og íbúa Skútustaðahrepps, vinni fjölmeningarstefnu sem lögð skal fyrir sveitarstjórn til staðfestingar. Stefnt skal að því að stefnan verði tilbúin fyrir 1. september 2019. Einnig er lagt til að sem fyrst verði hafist handa við að þýða helstu upplýsingar á heimasíðu yfir á önnur tungumál. Skipaður verði fjölbreyttur verkefnishópur undir stjórn verkefnisstjóra sem fái það verkefni að gera tillögu að fjölmeningarstefnu fyrir Skútustaðahrepp. Í stefnunni verði fjallað um stefnu og markmið Skútustaðahrepps í fjölmeningarmálum. Stefnumótuninni skal fylgja verkefnalisti og tímasett aðgerðaáætlun þar sem verkefni eru kostnaðarmetin og þeim forgangsraðað. Sveitarstjórn fagnar þessari tillögu velferðar- og menningarmálanefndar og vísar fjárhagsáætlun verkefnisins til gerðar fjárhagsáætlunar.

HRÓS DAGSINS...

Fær Kvenfélag Mývatnssveitar og Fosshótel fyrir að bjóða konum í Mývatnssveit til samstöðufundar á Fosshótelinu á kvennafrídegnum.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, framkvæmdastjórn HNB, forstöðumannafund, skóla- og félagsmálanefnd o.fl.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri